



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. 06. 2023
USK23050268

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innheimtu tunnugjalds

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. 05. 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Óskað er eftir upplýsingum um innheimtu svonefnds tunnugjalds, sem lagt er á þá Reykvíkinga sem hafa sorptunnur í meira en 15 metra fjarlægð frá sorphirðubíl.

1. Hvert er gjaldið og hversu miklum tekjum skilar það í borgarsjóð?
2. Hversu margir fasteignaeigendur íbúðarhúsnæðis í borginni greiða nú umrætt 15 metra gjald? Hversu hátt hlutfall er sá fjöldi af fasteignaeigendum í borginni?
3. Er vitað hversu margir fasteignaeigendur hafa kosið að færa sorptunnur sínar í því skyni að komast hjá umræddri gjaldtöku?
4. Er munur á innheimtu gjaldsins eftir hverfum í borginni?
5. Verða breytingar á innheimtu 15 metra gjaldsins í tengslum við þær breytingar á sorphirðu í borginni, sem nú standa yfir? Munu tekjur borgarsjóðs af gjaldinu t.d. aukast vegna fjölgunar sorptunna?

Svar við fyrirspurn:

Upphæð viðbótarlosunargjalds („skrefagjalds“) miðast við vinnu starfsfólks við að draga tunnur fram, þyngd úrgangsflokks og fjölda hirðuumferða pr. flokk ári og er því mismunandi milli flokka. Samkvæmt gildandi gjaldskrá er gjald á ílát:

1. Grá tunna 240 l undir blandaðan úrgang: 10.000 kr./tunnu
2. Spartunna 120 l undir blandaðan úrgang: 7.200 kr./tunnu
3. Grátt ker 660 l undir blandaðan úrgang: 27.500 kr./kar
4. Blá tunna 240 l undir pappír og pappírsefni: 6.700 kr./tunnu
5. Blátt kar 660 l undir pappír og pappírsefni: 18.425 kr./kar
6. Græn tunna 240 l undir plast: 6.700 kr./tunnu
7. Grænt kar 660 l undir plastefni: 18.425 kr./kar
8. Brún tunna 120 l undir matarleifar: 7.200 kr./tunnu

1. Þjónustugjöld við sorphirðu í Reykjavík taka mið af raunkostnaði við rekstur sorphirðunnar og móttökugjöld. Ekki er um að ræða skatttekjur sem skilað er í borgarsjóð eins og fram kemur í fyrirspurn.

Kostnaði við sorphirðu við heimili er deilt niður á fjölda íláta og viðbótagjald reiknað út vegna aukins tíma sem hirðan tekur vegna aukinnar fjarlægðar við að sækja og skila ílátum. Miðað við ílátafjölda fyrir fjárhagsáætlun 2023 er upphæð viðbótarlosunargjalds vegna fjarlægðar lengri en 15 m rúmlega 110 milljónir eða tæplega 6% af kostnaði við hirðu við heimili í borginni



2. Viðbótarlosunargjald er greitt vegna 21% íláta í borginni (23-24 % ef miðað er við 240 l tunnuígildi. Þetta eru um 40% allra staðfanga, þ.e. staðsetninga sem sorphirðan sækir heim og helmingur allra fasteigna í borginni sem sorphirðugjald er lagt á. Víða mætti færa tunnur nær götu við yfirstandandi breytingar á flokkun úrgangs og draga úr kostnaði við hirðu og einnig draga úr áhrifum ófærðar á afköst hirðunnar þegar illa viðrar.
3. Upplýsingar liggja ekki fyrir.
4. Upphæð gjaldsins er óháð staðsetningu. Miðað við fjölda íláta (óháð stærð og gerð) í hverfi er eftirfarandi skipting:

Hverfi	% af ílátum sem ber skrefagjald
Vesturbær	30%
Miðborg	23%
Hlíðar	24%
Laugardalur	23%
Háaleiti Bústaðir	17%
Breiðholt	31%
Árbær	21%
Grafarvogur	11%
Grafarholt - Úlfarsárdalur	4%
Kjalarnes	9%
Meðaltal	21%

5. Liggur ekki fyrir. Uppfærð fjárhagsáætlun er í vinnslu

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Friðrik Gunnarsson
skrifstofa umhverfisgæða